

# Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

## Ársreikningur 2019

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóra.....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9

## Skýrsla og áritun forstjóra

Afkoma ÁTVR á árinu 2019 var í samræmi við áætlun ársins. Hagnaður ársins var 1.056 m.kr. Eignir námu 6.246 m.kr, skuldir voru 1.628 m.kr. og eigið fé nam 4.618 m.kr. í árslok 2019. Greiddur var 1.000 m.kr. arður í ríkissjóð.

Áfengi var selt fyrir 30.275 m.kr. með virðisaukaskatti. Sala áfengis í lítrum jókst um 3,09% frá árinu á undan og seldust 22.664 þús. lítrar, þar af var bjórsala 17.694 þús lítrar.

Sala tóbaks nam 11.897 m.kr. með virðisaukaskatti. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 5.686 m.kr. á árinu 2019 og lækkaði um 115 m.kr. frá árinu 2018. Sala vindlinga í magni minnkaði um 1,5%. Sala vindlinga nam 868 þús kartonum og af vindlum seldust 4.354 þúsund stykki.


Selt magn neftóbaks var 46.075 kg. og var það um 3,1% aukning frá fyrra ári.

Á árinu fengu 685 starfsmenn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Ársverk voru 354, þau eru óbreytt frá árinu 2018.

Ýmsar framkvæmdir voru á árinu. Meðal þeirra helstu var að framkvæmdum við Vínbúðina á Dalvegi lauk á árinu og Vínbúðirnar í Skeifunni og Reykjanesbæ voru stækkaðar og endurbættar. Vínbúðirnar á Akranesi og Selfossi voru fluttar á nýja staði og stækkaðar. Einnig voru Vínbúðirnar á Hvammstanga og Patreksfirði teknar í gegn og lagfærðar.

Lög um gjald af áfengi og tóbaki var breytt í upphafi árs þannig að bæði áfengisgjald og tóbaksgjald var hækkað um 2,5%.

Forstjóri ÁTVR staðfestir ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2020  
  
Ívar J. Arndal,  
forstjóri.

## Áritun ríkisendurskoðanda

### Til fjármála- og efnahagsráðherra

#### Álit

Endurskoðun á meðfylgjandi ársreikningi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) fyrir árið 2019 var framkvæmd samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ríkisendurskoðandi staðfestir samkvæmt bestu vitund að í skýrslu forstjóra eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit ríkisendurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu ÁTVR 31. desember 2019, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð ríkisendurskoðanda samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst hér síðar. Ríkisendurskoðandi er óháður ÁTVR og hefur unnið í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda (INTOSAI). Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit á ársreikningnum.

#### Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Hann er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings er forstjóri ábyrgur fyrir því að meta rekstrarhæfi ÁTVR og setja inn skýringu ef þess er þörf.

#### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.


## Áritun ríkisendurskoðanda frh.

Framkvæmd endurskoðunar hjá ríkisendurskoðanda er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í þessu felst að ríkisendurskoðanda ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðandi upplýsir forstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 30 apríl 2020

  
Skúli Eggert Þórðarsson,  
ríkisendurskoðandi.



  
Óskar Sverrisson,  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala áfengis.....		27.275.183	25.756.247
Sala tóbaks.....		9.594.068	9.441.805
Sala umbúða o.fl.....		99.794	93.106
		<u>36.969.045</u>	<u>35.291.158</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vörunotkun.....	10	31.273.672	29.824.379
Laun og launatengd gjöld.....	11	2.961.032	2.806.016
Húsnæðiskostnaður.....		721.890	634.417
Sölu- og dreifingarkostnaður.....		238.758	244.934
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður.....		372.512	379.510
Annar rekstrarkostnaður.....		50.816	47.344
Afskriftir.....	13	246.544	237.010
		<u>35.865.224</u>	<u>34.173.610</u>
<b>Rekstrarhagnaður.....</b>		1.103.821	1.117.548
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....</b>	12	<u>(47.410)</u>	<u>(6.289)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>1.056.411</u>	<u>1.111.259</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir.....	4,13	1.532.798	1.318.810
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	5,14	7.500	7.500
Fastafjármunir samtals		<u>1.540.298</u>	<u>1.326.310</u>
Birgðir.....	6,15	1.944.593	2.123.079
Viðskiptakröfur .....	7,16	2.156.340	1.824.424
Handbært fé.....	8	604.435	1.059.812
Veltufjármunir samtals		<u>4.705.368</u>	<u>5.007.315</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>6.245.666</u></u>	<u><u>6.333.625</u></u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé.....	17	4.617.626	4.561.215
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>4.617.626</u>	<u>4.561.215</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Lánardrottinnar.....	9	957.849	1.073.709
Aðrar skammtímaskuldir.....		670.191	698.701
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.628.040</u>	<u>1.772.410</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>6.245.666</u></u>	<u><u>6.333.625</u></u>
Skuldbindingar.....	18		

## Sjóðstreymi árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins.....		1.056.411	1.111.259
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</i>			
Afskriftir.....	13	246.544	237.010
Tap (söluhagnaður) af fastafjármunum.....		(14.035)	(406)
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>1.288.920</u>	<u>1.347.863</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir, lækkun (hækkun) .....		178.486	(120.833)
Skammtímakröfur (hækkun).....		(331.916)	(95.534)
Skammtímaskuldir, (lækkun) .....		(144.370)	(120.333)
		<u>(297.800)</u>	<u>(336.700)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>991.120</u>	<u>1.011.163</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fasteignir.....	13	0	(100.600)
Innréttingar og annar búnaður.....	13	(435.848)	(167.564)
Bifreiðar.....	13	(40.453)	(59.384)
Söluverð rekstrarfjármuna.....		29.803	3.584
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<u>(446.498)</u>	<u>(323.964)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Arður til ríkissjóðs.....	17	(1.000.000)	(1.000.000)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>(1.000.000)</u>	<u>(1.000.000)</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....</b>		<b>(455.377)</b>	<b>(312.801)</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		<b>1.059.812</b>	<b>1.372.613</b>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<b><u>604.435</u></b>	<b><u>1.059.812</u></b>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Skattar

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

### Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísitölur

3. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok en skuldir eru umreiknaðar á sölugengi. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2020. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

### Rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

### Eignarhlutar í öðrum félögum

5. Eignarhlutar í félögum eru færðir á nafnverði.

## Skýringar

### Birgðir

6. Birgðir samanstanda af endursöluvörum og rekstrarvörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

### Viðskiptakröfur

7. Greiðslukortakröfur eru færðar meðal viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

### Handbært fé

8. Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir

9. Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

### Vörunotkun

10. Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og er því skilað mánaðarlega til Skattsins. Tóbaksgjaldið er skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds 5.686 m.kr. á árinu 2019.

Sundurliðun vörunotkunar	2019	2018
Vörunotkun, áfengi.....	23.342.019	22.012.493
Vörunotkun, tóbak.....	7.908.749	7.793.202
Vörunotkun, umbúðir.....	22.904	18.684
	<u>31.273.672</u>	<u>29.824.379</u>

### Starfsmannamál

11. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

Dagvinnulaun.....	1.639.171	1.536.427
Yfirvinna.....	690.435	654.812
Launatengd gjöld.....	528.376	487.182
Viðbótarframlag til lífeyrissjóðs.....	102.050	112.143
Áfallið reiknað orlof, breyting.....	1.000	15.452
	<u>2.961.032</u>	<u>2.806.016</u>

## Skýringar

Launagjöld hækka um 5,5 % milli ára. Reiknuð ársverk á árinu 2019 voru 354 óbreytt frá 2018. Hækkun launavístölu 2019 var 4,5%.

Laun og launatengd gjöld vegna forstjóra námu 21,8 m.kr. en voru 21,9 m.kr. árið á undan.

Áunnið orlof starfsmanna til desemberloka er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 149,4 m.kr. í árslok 2019 en til samanburðar var það 148,4 m.kr. árið áður.

Skuldbindingar ÁTVR vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp á árinu 1999. Skuldbindingar sem falla til árlega eru gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins jafnóðum. Samkvæmt uppgjöri LSR voru ógreiddar lífeyrisskuldbindingar B-deildar í árslok 2018 3,7 m.kr. Í lögum nr 127/2016 var gerð breyting um aukaframlag til A-deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hluttur ÁTVR árið 2019 98,4 m.kr en var 101,2 m.kr 2018.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

12. Sundurliðun fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)	2019	2018
Vaxtatekjur.....	69.382	91.632
Arðstekjur.....	1.500	3.150
Þóknanir vegna debet- og kreditkorta.....	(101.179)	(79.327)
Fjármagnstekjuskattur.....	(15.541)	(20.761)
Vaxtagjöld.....	<u>(1.572)</u>	<u>(983)</u>
	<u>(47.410)</u>	<u>(6.289)</u>

## Skýringar

### Rekstrarfjármunir

13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Fasteignir	Innréttingar og annar bún.	Samtals
Stofnverð 1.1.2019.....	303.146	1.367.004	1.154.799	2.824.949
Viðbót á árinu.....	40.453		435.848	476.300
Selt og niðurlagt á árinu.....	-57.777	-23.012	-162.668	-243.456
Stofnverð 31.12.2019	<u>285.822</u>	<u>1.343.992</u>	<u>1.427.979</u>	<u>3.057.793</u>
Afskrifað 1.1.2019.....	141.176	771.903	593.060	1.506.139
Afskrifað á árinu.....	38.308	27.912	162.111	228.332
Selt og niðurlagt á árinu.....	-47.539	-16.032	-145.906	-209.477
Afskrifað 31.12.2019	<u>131.946</u>	<u>783.783</u>	<u>609.266</u>	<u>1.524.995</u>
Bókfært verð 31.12.2019	<u>153.876</u>	<u>560.209</u>	<u>818.713</u>	<u>1.532.798</u>
Afskriftarhlutföll.....	12-15%	2-4%	12-20%	

Gjaldfærð afskrift ársins var 228,3 m.kr og niðurlagðar eignir námu 18,2 m.kr.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Bókfært verð	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Fasteignir og lóðir.....	<u>560.209</u>	<u>3.245.285</u>	<u>3.723.180</u>

### Eignarhlutar í félögum

14. Hlutabréf í Endurvinnslunni hf. eru færð á nafnverði 7.500 þús. kr. Á árinu 2019 greiddi félagið 1.500 þús. kr. í arð til ÁTVR.

## Skýringar

### Birgðir

15. Birgðir um áramót skiptast í áfengi, tóbak, umbúðir og rekstrarvörur:

	2019	2018
Áfengi.....	1.742.139	1.832.048
Tóbak.....	176.577	260.207
Umbúðir.....	9.572	6.963
Rekstrarvörubirgðir.....	16.305	23.861
	<u>1.944.593</u>	<u>2.123.079</u>

### Viðskiptakröfur

16. Viðskiptakröfur sundurliðast þannig:

Kröfur vegna greiðslukorta.....	2.048.369	1.704.642
Aðrar viðskiptakröfur.....	107.971	119.782
	<u>2.156.340</u>	<u>1.824.424</u>

### Eigið fé

17. Yfirlit eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1. ....	4.561.215
Hagnaður skv. rekstrarreikningi.....	1.056.411
Arður til ríkissjóðs.....	<u>(1.000.000)</u>
Eigið fé 31.12.	<u>4.617.626</u>

### Önnur mál

18. Í tengslum við starfsemi ÁTVR voru 42 húsaleigusamningar í gildi í árslok 2019

## Skýringar

### Kennitölur

#### 19. Fimm ára yfirlit

	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Rekstur:</b>					
Rekstrartekjur.....	36.969	35.291	34.276	33.058	29.395
Rekstrargjöld.....	(35.619)	(33.937)	(32.729)	(31.216)	(27.985)
Rekstrarhagn. f. afskr.	1.350	1.354	1.547	1.842	1.410
Afskriftir.....	(246)	(237)	(208)	(222)	(178)
Rekstrarhagnaður	1.104	1.117	1.339	1.620	1.232
Hreinar fjárm.tekjur.....	-48	-6	28	9	-11
Hagnaður ársins	<u>1.056</u>	<u>1.111</u>	<u>1.367</u>	<u>1.629</u>	<u>1.221</u>
<b>Efnahagur:</b>					
Fastafjármunir.....	1.540	1.326	1.239	1.166	1.227
Veltufjármunir.....	4.706	5.008	5.104	5.772	4.716
Eignir alls	<u>6.246</u>	<u>6.334</u>	<u>6.343</u>	<u>6.938</u>	<u>5.943</u>
Eigið fé.....	4.618	4.561	4.450	4.834	4.204
Skammtímaskuldir.....	1.628	1.773	1.893	2.104	1.739
Eigið fé og skuldir alls	<u>6.246</u>	<u>6.334</u>	<u>6.343</u>	<u>6.938</u>	<u>5.943</u>

Helstu kennitölur um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækisins á síðustu fimm árum:

	2019	2018	2017	2016	2015
Rek.hagn.f.afskr./Tekjur.....	3,7%	3,8%	4,5%	5,6%	4,8%
Veltufjárhlutfall.....	2,89	2,82	2,70	2,74	2,71
Eiginfjárhlutfall.....	73,9%	72,0%	70,2%	69,7%	70,7%
Arðsemi eigin fjár.....	23,2%	25,0%	28,2%	38,8%	27,2%